

Ársskýrsla Fókus

2018/2019

Félag um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu

Síðasta starfsár var stjórnin skipuð þannig

Formaður	Daníel Ásgeirsson
Ritari og varaformaður	Anna Hafberg
Meðstjórnendur	Erla Björnsdóttir
	Birna Björg Másdóttir
	Marta Serwatko
	Garðar Már Birgisson

Fræðslufundir og ráðstefnur

Starfsárið 2018-2019 var með hefðbundnu sniði. Einn viðburður (heilbrigðisráðstefnan) var haldinn á tímabilinu, þann 21 feb 2018 sem bar heitið *"Upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu – byrði eða bjargvættur"*. Velt var vöngum yfir því hvort stefnumótun í heilbrigðisþjónustu taki nægilega mikið mið af tæknilausnum en mörgum finnst að heilbrigðiskerfið hafi orðið eftir hvað upplýsingatæknivæðingu varðar.

Ingi Steinar Ingason, Embætti Landlæknis, fór yfir stefnu EL um notkun á upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu í erindinu *"Rafræn sjúkraskrá og heilbrigðisnet. Stefna Embættis landlæknis til 2020"*. Elísabet Guðmundsdóttir, Landspítali, kynnti hvernig Landspítalinn nýtir rafrænn gögn úr vöruhúsi gagna í erindinu *"Vöruhús gagna, undirstaða umbóta á Landspítala"*. Hrafnhildur Peiser, Capacent, kynnti ýmsa möguleika til upplýsingaúrvinnslu með aðferðum viðskiptagreindar í erindinu *"Og við skráum og skráum, hvað svo?"*. Sigurður Einar Sigurðsson, Sjúkrahúsið á Akureyri, hélt erindið *"Fjarheilbrigðisþjónusta, tækifæri og áskoranir"* og Ívar S. Helgason, Mint solutions, hélt erindið *"Hvernig er hægt að draga úr lyfjatengdum óhöppum með sjálfvirkni"*. Rögnvaldur J. Sæmundsson, Háskóla Íslands, fjallaði um verkferla í heilbrigðiskerfinu í erindinu *"Skilvirkni og nýsköpun verkferla í heilbrigðiskerfinu"*. Að lokum kynntu þeir Davíð Þór Jónsson, nemandi í HÍ, og Alexander Jósef Blöndal, nemandi í HR, verkkeppni sem þeir unnu á vegum Viðskiptaráðs Íslands í erindinu *"Gervigreind/ Heilsa þjóðar"*.

Heilbrigðisráðstefnan þótti vel heppnuð í alla staði og voru fyrirlesarar þakkaði með lítilli gjöf. Arnheiður Guðmundsdóttir hjá Ský fær sérstakar þakkir frá okkur í Fókus fyrir aðstoðina við að setja saman heilbrigðisráðstefnuna.

Hlekkur á viðburðinn: <https://www.sky.is/index.php/vidhburdhir/1840-2019-heilbrigdhisradhstefnan>

Reykjavík 27. febrúar 2019. Daníel Ásgeirsson, formaður Fókus 2018-2019